



Rauði krossinn

Utanríkismálanefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 22. mars 2024

Meðfylgjandi er umsögn Rauða krossins á Íslandi um tillögu til þingsályktunar um samning Sameinuðu þjóðanna um bann við kjarnorkuvopnum, 154. löggjafarþing 2023-2024. Þingskjal 105 – 105. mál.

Virðingarfyllst,
f.h. Rauða krossins á Íslandi,

Kristín S. Hjálmtýsdóttir,
framkvæmdastjóri



Hluti af Alheimshreyfingu
Rauða krossins

Icelandic Red Cross
Cruz Roja Islandesa
Croix-Rouge Islandaise

Efstaleiti 9
103 Reykjavík
Iceland

Sími/Tel: (354) 570 4000
Fax: (354) 570 4010

E-Mail: central@redcross.is
Website: www.redcross.is



UMSÖGN RAUÐA KROSSINS Á ÍSLANDI

um

tillögu til þingsályktunar um samning Sameinuðu þjóðanna um bann við kjarnorkuvopnum

154. löggjafarþing 2023 – 2024

Þingskjal 105 – 105. mál.

I. Inngangur

Rauði krossinn á Íslandi fagnar því að á ný sé lögð fram þingsályktunartillaga þess efnis að Alþingi álykti að fela ríkisstjórn Íslands, fyrir Íslands hönd, undirritun og fullgildingu samnings um bann við kjarnorkuvopnum (e. Treaty on the Prohibition of Nuclear Weapons, TPNW) sem samþykktur var af 122 ríkjum á ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í New York þann 7. júlí 2017.

Rauði krossinn hefur lagt fram umsagnir við fyrri tillögur varðandi ofangreindan samning Sameinuðu þjóðanna, enda er eitt af verkefnum Rauða kross hreyfingarinnar að breiða út þekkingu á alþjóðlegum mannúðarlögum, gera grein fyrir mikilvægi þeirra og aðstoða íslensk stjórnvöld við að virða þjóðréttarlegar skuldbindingar sínar í samræmi við aðild sína að Genfarsamningunum fjórum frá 1949, viðbótarbókunum við þá frá 1977 og 2005 og aðrar skuldbindingar á sviði mannúðarréttar.

Alþjóðaráð Rauða krossins (e. International Committee of the Red Cross, ICRC), er verndari Genfarsamningana og viðauka við þá. ICRC leggur mikla áherslu á að ríki fullgildi alþjóðasamninga á sviði mannúðarréttar og hefur frá árinu 1945 vakið athygli á alvarlegum afleiðingum notkunar kjarnorkuvopna og talað fyrir útrýmingu þeirra.

Tilurð TPNW er svar við ákalli ICRC um lagalegt bindandi samkomulag á grundvelli alþjóðlegra skuldbindinga og samþykktta, um algjört bann við notkun kjarnorkuvopna sem tryggja skuli eyðingu og afnám slíkra vopna. Samningurinn undirstrikar þá alvarlegu hættu sem stafar af áframhaldandi tilvist kjarnorkuvopna og þeim óafturkræfu og gereyðandi afleiðingum sem slík vopn valda. Samningurinn er skýr um algjört bann á hvers kyns notkun kjarnorkuvopna í samræmi við alþjóðleg mannúðarlög.

Samningurinn tók gildi í janúar 2021 eftir að fimmtíu ríki höfðu fullgilt, staðfest, samþykkt samninginn eða gerst aðilar að honum. Í dag hafa 93 ríki undirritað samningin og 70 ríki lögfest hann og því nær helmingur ríkja heims sem hefur annaðhvort undirritað eða fullgilt samninginn.

Afstaða Rauða krossins á Íslandi í umsögn um þingsályktunartillögu þessa er í samræmi við afstöðu ICRC til TPNW ásamt grunngildum Rauða kross hreyfingarinnar um mannúðar, óhlutdrægni og hlutleysi sem og stefnu hreyfingu Rauða krossins og Rauða hálfmánans.





II. Fyrri umsagnir

Rauði krossinn á Íslandi minnir á áður framkomnar athugasemdir sem sendar voru utanríkismálanefnd 12. júní 2018, 18. mars 2019, 14. janúar 2020 og 24. nóvember 2022 vegna samhljóða þingsályktunartillagna sem lagðar voru fram á fyrri löggjafarþingum.

Þar vill Rauða krossinn sérstaklega nefna þær skelfilegu afleiðingar sem hvers kyns notkun kjarnorkuvopna hefur á hnattræna vísu og þá vá sem af slíkum vopnum stafar eins og fram kemur í umsögn félagsins frá 12. júní 2018.

Í umsögn þann 18. mars 2019 og síðari umsögnum segir einnig að ljóst þyki að markmiðinu um kjarnorkuvopnalausan heim verði ekki náð með afstöðu þess efnis að kjarnorkuvopn hafi gildi í öryggisstefnu landsins. Tilvisun til sjónarmiða um öryggi og varnarstefnu sem fram koma í grunnstefnu Norður-Atlantshafsbandalagsins (e. North Atlantic Treaty Organisation, NATO), sem réttlæting á beitingu eða hótun um beitingu kjarnorkuvopna, grefur, að mati Rauða krossins, undan grundvallarlögum mannúðarréttar sem leggja bann við notkun slíkra gereyðingarvopna. Slík sjónarmiðið geta verið hvati fyrir önnur ríki, sem jafnvel standa frammi fyrir knýjandi ógn á öryggi sínu, til kaupa eða jafnvel notkunar á kjarnorkuvopnum með öryggissjónarmið og sjálfsvörn að leiðarljósi.

Framangreind sjónarmið um öryggi, fælingu og varnarstefnu í grunnstefnu NATO eru því að mati Rauða krossins, til þess fallin að réttlæta útbreiðslu kjarnorkuvopna. Þá er jafnframt bent á að þrátt fyrir framangreind sjónarmið í grunnstefnu NATO kveður hún einnig á um það markmið að skapa skilyrði fyrir heim án kjarnorkuvopna sem sé samhljóða grundvallartilgangi TPNW.

III. Umsögn vegna þingsályktunartillögu 2024

Í núverandi þingsályktunartillögu kemur fram að samningurinn um bann við útbreiðslu kjarnorkuvopna hafi löngum verið talinn einn mikilvægasti afvopnunarsamningurinn. Enn fremur að nær öll aðildarríki NATO hafi sniðgengið viðræður um gerð TPNW, þar sem hernaðarstefna bandalagsins byggist enn á því að áskilja sér rétt til að beita kjarnorkuvopnum að fyrra bragði. Þá afstöðu hafi ráðamenn NATO varið með því að þeir telji farsælla að vinna að kjarnorkuvopnum innan samningsins um bann við útbreiðslu kjarnorkuvopna (e. Treaty on the Non-Proliferation of Nuclear Weapons, NPT).

Varðandi ofangreind rök vill Rauði krossinn vísa í samtökin International Campaign to Abolish Nuclear Weapons (ICAN) sem hafa bent á, þvert á rök ráðamanna NATO, að TPNW stangist ekki á við né grafi undan NPT-samningnum. Ennfremur að samningurinn sé fullkomin viðbót við fyrri afvopnunarsamninga og sé hannaður sem leið til að innleiða VI grein NPT-samningsins er fjallar um afvopnun. Í umræðum um kjarnorkuafvopnun, hefur António Guterres, aðalritari sameinuðu þjóðanna, sérstaklega áréttáð að TPNW vinni með NPT-samningnum en ekki hið gagnstæða.

Í umræðum um kjarnorkuafvopnun og bann við útbreiðslu kjarnorkuvopna á ráðherrafundi öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna þann 18. mars sl. tók fulltrúi Sierra Leóne, Frances Piagie Alghali, aðstoðarutanríkissráðherra undir ofangreint og undirstrikaði mikilvægi TPNW sem viðbót við NPT-samninginn og lykilhlutverk hans í að binda enda á marghliða kjarnorkuafvopnunarviðræður. Hún undirstrikaði einnig hvernig tilvist kjarnorkuvopna og kjarnorkufælingarstefna viðheldur óstöðugleika





og óöryggi fyrir allar þjóðir heims og að eina árangursríka leiðin til að koma í veg fyrir notkun eða hótun um notkun þeirra væri algjör útrýming kjarnorkuvopna.¹

Varðandi sniðgöngu nær allra aðildarríkja NATO á viðræðum um gerð TPNW er vert að undirstrika atriði úr fyrri umsögn er varðar fyrsta fund aðildarríkja TPNW sem haldinn var í Vínarborg í júní 2022 og lauk með samþykkt Vínaryfirlýsingarinnar og aðgerðaáætlunar sem markar stefnu fyrir innleiðingu samningsins og framfarir í átt að markmiði hans um algjöra útrýmingu kjarnorkuvopna. Af þeim 34 ríkjum sem sóttu fundinn sem áheyrnarfulltrúuar voru fjögur NATO ríki þ.e. Belgía, Þýskaland, Holland og Noregur, ásamt Finnandi og Svíþjóð, sem á þeim tíma höfðu sótt um aðild að NATO. Þessi ríki tóku fyrsta skrefið og sýndu forstu í verki innan NATO og Evrópu í átt að nútímalegri öryggisstefnu. Vonast Rauði krossinn til að íslenska ríkið fylgi í kjölfarið og sýni frekara frumkvæði meðal NATO ríkja gagnvart samningnum.

IV Lokaorð

Áframhaldandi tilvist kjarnorkuvopna er meðal helstu ógna við mannken. Notkun þeirra myndi hafa skelfilegar afleiðingar í för með sér fyrir allt lífríki á jörðinni. Engin læknis- eða mannúðaraðstoð er möguleg strax í kjölfar kjarnorkuárásar. Áhættan af slíkri notkun fer vaxandi, bæði hvað varðar líkur og umfang áhrifa. Þau hörmulegu áhrif sem kjarnorkuárás hefur á allt lífríki jarðar ætti að vera lykilhvati ríkja til að lögfesta samninginn um bann við kjarnorkuvopnum.

Alþjóðaráð Rauða krossins vinnur innan Rauða kross hreyfingarinnar, með fulltrúum ríkja og samtökunum ICAN að því að kynna 12. grein TPNW þar sem aðildarríkjum er skyld að gera ráðstafanir til að hvetja önnur ríki til að gerast aðilar að samningnum með það að markmiði að öll ríki heims taki þátt.

Í ljósi þeirra skelfilegu afleiðinga sem kjarnorkuárás hefur fyrir mannken allt telur Alþjóðaráð Rauða krossins afar ólíklegt að notkun slíkra vopna geti verið í samræmi við alþjóðleg mannúðarlög en skýr afstaða þess kemur fram í formála TPNW. Aðild Íslands að TPNW myndi stuðla að vernd almennra borgara, lífríkis og náttúru til framtíðar og styrkja enn fremur stöðu þeirra alþjóðlegu samninga um kjarnorkuvopn sem Ísland á nú þegar aðild að.

Með því að stíga skref í átt að fullgildingu á TPNW sýna íslensk stjórnvöld frumkvæði og ýta undir uppbryggingu alþjóðlegra viðmiða gegn kjarnorkuvopnum, styrkja hindranir gegn útbreiðslu slíkra vopna, draga úr þrystingi á kjarnorkuvopnakapphláupi, opna leiðir til framfara í afvopnunarmálum og taka þannig skref í átt að alheimsmarkmiði um kjarnorkuvopnalausan heim.

Rauði krossinn vill koma því á framfæri að fulltrúar félagsins eru tilbúnir að hitta utanríkismálanefnd til þess að ræða framangreindar athugasemdir og svara spurningum sé þess óskað.

¹ [UN Security Council members respond to inaction on nuclear disarmament with support for TPNW - ICAN \(icanw.org\)](https://icanw.org/)

